

Læðan

Gangurinn var nákvæmlega þrjár metrar á lengd; hann virtist lengri vegna gulgrænna og köflótttra veggjanna. Innst á ganginum lá læðan með kettlinga á spena. Ég var í nýjum, gráum buxum; ég man ekki hvernig skyrtnan var á litinn. Ég man aftur á móti að ég steig hægri fæti fram á ganginn skömmu eftir að hafa lagt bókina á rúmið mitt. Ég var vanur að taka einn kettlinganna og henda upp í loft fyrir framan læðuna. Til að gera það renndi ég vinstri fæti aftur og steig fram í hægri fót, sveigði líkamann, lyfti örmunum skyndilega og lét þá síðan falla hratt niður til þess að flugferð dýrsins varaði lengur og angist þess yrði meiri.

Með fránum augum fylgdist læðan með aðgerðinni sem ég endurtók dag eftir dag, dögum saman. Ég tók kettlinginn varlega af spena móðurinnar (ofurvarlega því læðan vissi orðið hvað ég ætlaði mér) og vippaði honum með snöggri hreyfingu úr vinstri hendi yfir í þá hægri.

Læðan gerði sig líklega til að fylgjast með skemmtuninni. Sem fyrr var vinstri fótur fyrir aftan, sá hægri fyrir framan, líkaminn sveigður. Hún beið eftir að sjá armsveifluna og dýrið litla svífa upp í loft: hún þurfti bara að fylgjast með flugferð skrokksins sem reyndist henni létt þar sem háls kattardýra er afar sveigjanlegur. Leikrænir tilburðir mínir gerðu annars áhugalaus læðuna oft standandi forviða. Svo henti ég dýrinu hátt upp og beið með útrétta lófana niðri við gólf og beindi sjónum upp til að fylgjast með fallinu niður. Ekki var hægt að segja í hvaða hæð kettlingurinn var þegar móðirin reis skyndilega á fætur, lagði loppurnar á axlir mér og sagði skýrt og greinilega: „Heyrðu mig nú, þetta er orðið gott! Heyrirðu það? Það er nóg komið!“ Um leið og ég steig vinstri fæti fram að

þeim hægri og buxnaskálmin skyggði á gula mynsturbekkinn á veggnum, svaraði ég með langdregnu mjálmi í þann mund sem kettlingurinn féll beint í lófa mína alveg niðri við flísarnar á gólfinu í ganginum sem var þrír metrar á lengd.

Erla Erlendsdóttir þýddi úr spænsku